

Smantekt athugasemda vegna skipulags Hafnarfjörður Miðbær, Strandgata 30.

Tillagan var auglýst í samræmi við 43. gr. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og lauk athugasemdafresti 14. júlí 2015.

Athugasemdir bárust frá Húsfélaginu Firði og Strandgötu 32

Athugasemdir voru gerðar við:

1. Breytta legu gönguleiðar frá Strandgötu í Fjörð

Svar:

Breytingin er óveruleg og mun ekki koma í veg fyrir flæði milli verslana né draga úr sýnileika þeirra.

2. Gegnumakstur um bílakjallara Fjarðar, bæði bílar og sorp

Svar:

Bílakjallarinn er í eigu Hafnarfjarðarbæjar og er fyrirkomulag og notkun hans samkomulagsatriði milli lóðahafa og bæjarins.

3. Breikkun byggingarreits á 2.-4. hæð sem skerði útsýni frá Fjarðargötu 13-15 til austurs

Svar:

Byggingarreitir breikkar um 1 m frá samþykktu deiliskipulagi og það hefur nær engin áhrif á útsýni frá Fjarðargötu 13-15 til austurs en við það að lækka húsið um eina hæð eykst útsýni.

4. Að aðgengi að sorpílátum Strandgötu 32 versni


Svar:

Aðkoma að sorpi er óbreytt frá gildandi deiliskipulagi

5. Athugasemd vegna bílastæða fyrir Strandgötu 32

Svar:

Bílastæði eru óbreytt frá gildandi deiliskipulagi



HAFNARFJÖRÐUR

6. Að útsýni skerðist og að þrengt sé að svölum á Strandgötu 32 þannig að búsetugæði skerðast

Svar:

Breytingin á útsýni og búsetugæðum er óveruleg miðað við gildandi skipulag. Það telst jákvætt að nýbyggingin er lækkuð um eina hæð.

Deiliskipulagsbreytinguna er hægt að kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála Skúlagötu 21, 101 Reykjavík innan eins mánaðar frá birtingu samþykktarinnar í b-deild Stjórnartíðinda samkvæmt 52. gr. laga nr. 123/2010.

Þegar kæra til úrskurðarnefndar er lögð fram er mikilvægt að fram komi hvaða ákvörðun það er sem kærð er, hvernig hún snerti hagsmuni kæranda og hvaða kröfur séu gerðar. Æskilegt er að kærunni fylgi tiltæk gögn, svo sem afrit fundargerða stjórnvalds er varða hina kærðu ákvörðun og bréfaskipti um málið sem kunna að hafa átt sér stað milli kæranda (kærenda) og þess stjórnvalds er tók hina kærðu ákvörðun.